

Fagradalsbleikja ehf
Fagradal
871 Vík

Reykjavík, 8.8.2023
UST202302-110/gf
08.12.02

Varðar ósk rekstraraðila Fagradalsbleikju ehf., að í samræmi við heimild í grein 2.6 í starfsleyfi, sé tíðni mælinga í inntaki og útrás frárennslis fækkað, enda hafi verið sýnt fram á með mælingum að mengunarpáttur eldisins sé óverulegur.

Þann 25. apríl sl. barst umsókn rekstraraðila Fagradalsbleikju ehf. með ósk um að fækkað verði tíðni mælinga í eldinu. Rekstraraðili telur sig hafa sýnt fram á að fiskeldisstöðin hafi óveruleg mengunaráhrif. Bleikjueldið hafi mikið sjálfrennandi eldisvatn og hafi verið óbreytt árum saman og engar breytingar séu fyrirhugaðar í eldinu á næstu árum.

Beðið hefur verið eftir niðurstöðum nýrra mælinga í frárennslinu til að staðfesta að áhrif frárennslis eldisstöðvarinnar séu óveruleg á viðtaka. Í byrjun ágúst voru ný sýni tekin og nú hafa niðurstöður mælinga borist Umhverfisstofnun. Niðurstöðurnar staðfesta að umhverfisáhrif eldisins eru lítil. Stöðin er með leyfi til ala bleikju og má lífmassi í stöðinni á hverjum tíma ekki fara yfir 20 tonn.

Umhverfisstofnun heimilar því að dregið verði úr tíðni mælinga og að mæla skuli í samræmi við ákvæði starfsleyfis, grein 4.3, en að mælingar skuli fara fram á þriggja ára fresti. Heimildin gildir á meðan rekstur Fagradalsbleikju er óbreyttur.

Taka skal sýni og mæla svifagnir, lífrænt efni, heildarfosfór og heildarköfnunarefni á þriggja ára fresti þegar hámarkslífmassi er í stöðinni. Niðurstöður mælinga skal senda eftirlitsaðila.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur